

52. fundur Svæðisráðs Suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs, haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, 1. júní 2017 kl. 10:30.

Mættir: Björn Ingi Jónsson, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Snævarr Guðmundsson, einnig Helga Árnadóttir og Regína Hreinsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Stjórnunar- og verndaráætlun

Fyrir fundinum lágu drög að endurskoðaðri Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Helga og Regína voru búnar að yfirfara hana með tilliti til þeirra breytinga sem búið var að senda inn fyrir hönd suðursvæðis og það vantar nokkuð upp á að allar breytingar hafi skilað sér. Farið var yfir allar framkomnar athugasemdir og ákveðið að starfsmenn þjóðgarðsins taki allar athugasemdir saman og sendi á svæðisráðsmenn eftir helgi. Bent var á að í kafla um landnýtingu þurfi að koma fram hvar atvinnustarfsemi sé heimil og hvaða svæði ættu að vera undanskilin slíkri starfsemi.

2. Atvinnustefna þjóðgarðsins

Fyrir fundinum lá yfirlit frá LEX og Alta vegna samninga við aðila sem stunda atvinnutengda starfsemi innan Vatnajökulspjóðgarðs. Þar kemur margt ágætt fram þó enn sé mikið verk óunnið við skilgreiningar. Ein ábending kom varðandi orðalag um flokkun atvinnustarfsemi innan garðs, um að það gæti reynst nauðsynlegt að takmarka starfsemi þótt hún krefjist ekki aðstöðu innan þjóðgarðsins. Snævarr spyr hvort ekki þurfi að ákvarða hversu mikill fjöldi ferðamanna geti verið á tilteknum stað og á tilteknum tíma. Bæði út frá náttúrufarslegum sjónarmiðum en einnig út frá upplifun ferðamanna. Hvernig á að skilgreina hve margir mega vera á hverju svæði? Það þarf að hraða vinnu við þessar skilgreiningar. Þjóðgarðsvörður lagði fram hugmynd að greiningu staða með tilliti til atvinnustarfsemi og ákveðið að starfsmenn vinni þetta áfram og sendi til svæðisráðsmanna fyrir næsta fund, einnig útfæra nánar úttekt á hverjum stað þar sem atvinnustarfsemi fer fram.

3. Jökulsárlón, jörðin Fell, Breiðamerkursandur

Fundarmenn skoðuðu uppdrátt frá GlámuKím þar sem gerð var tillaga að bílastæðum við Jökulsárlón. Tillagan gerir ráð fyrir mun meira svæði undir bílastæði en áður hafi legið fyrir. Snævarr bendir á að jökulker, jökulöldur, margir gamlir farvegir árinna og landform muni raskast við þessar framkvæmdir. Kríuvarp og annað fuglalíf hefur breitt meira úr sér en gögn gefa til kynna og framkvæmdir núna munu hafa verulega áhrif á varp. Svæðisráð tekur heilshugar undir að þessar framkvæmdir séu alltof stórtækar miðað við að um bráðabirgðaaðgerð sé að ræða. Formaður tekur að sér að koma þeim skilaboðum áleiðis að endurskoða þessi áform. Á fundi stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs 17. maí var samþykkt að svæðisráð gæti hafið vinnu við kafla í verndaráætlun fyrir jörðina Fell. Formaður svæðisráðs upplýsti fundarmenn um að áform eru um að þjóðlendur á Breiðamerkursandi verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði.

4. Íshellar og áhættumat

Fyrir fundinum liggja drög að áhættumati vegna íshella unnið af Magnúsi Tuma Guðmundssyni og Finni Pálssyni. Einnig samantekt Helgu Árnadóttur eftir veturinn. Umræður sköpuðust um íshella og áhættumat. Von er á breytingum á gildandi reglugerð sem heimilar gerð samninga við aðila með starfsemi innan þjóðgarðsins. Þegar það liggur fyrir verður farið í viðræður við fyrirtæki sem eru með starfsemi á svæðinu.

5. Starfsreglur svæðisráða

Á síðasta fundi stjórnar voru samþykktar starfsreglur stjórnar sem eru núna til umsagnar hjá ráðuneytinu. Hafin er vinna við starfsreglur svæðisráða. Svæðisráð fagnar því að þessi vinna sé komin af stað.

6. Erindi Glacier Adventure Þröng- Jökulsárlón

Vésteinn Fjöl意思 og Haukur Ingi Einarsson kynntu nýstárlegar afþreyingarferðir yfir vetrartímann, 1. nóv til 1. maí. Svæðisráð lagði fyrir þá spurningar um framtíðarsýn, eftirspurn og hvernig þeir sjái slíkt þróast, bæði varðandi ásókn en einnig umhverfislega. Þeir óska eftir langtímasamningi um starfsemi innan Vatnajökulsþjóðgarðs inni við Veðurárdalslón. Svæðisráð telur að hér sé um áhugaverða hugmynd að ræða ekki síst þar sem starfsemin er miðuð við tímabil utan háannartíma. Veðurárdalslón og Veðurá eru hluti af jörðinni Fell og þar sem jörðin er ekki enn komin inn í Vatnajökulsþjóðgarð er erindinu því vísað áfram til stjórnar þjóðgarðsins.

7. Önnur mál

Regína upplýsti svæðisráð um að umhverfisráðherra hefði óskað eftir fundi með starfsmönnum þjóðgarðsins, 24. júlí nk. Ráðherra óskaði eftir því að meðlimum svæðisráð yrði tilkynnt um fundinn ef þeir myndu sjá sér fært að mæta.

Fundi slitið 16:40